

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1765**  
**komudagur 26.2.2013**

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
b/t. Benedikts S. Benediktssonar  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 26. febrúar 2013.

Efni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (570. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér ákveðnar grundvallarbreytingar á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi.*

Viðskiptaráð skilaði inn umsögn dags. 20. apríl 2012 við sambærilegt frumvarp (657. þingmál) þar sem megináhersla var lögð á það að við allar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu þyrfti að viðhalda verðmætaskapandi eiginleikum atvinnugreinarinnar. Ljóst er að núverandi kerfi skilar heildarábata fyrir hagkerfið og er um leið undirstaða lífskjara á Íslandi. Þetta er staðfest í opinberum hagtölum, samanburði við önnur fiskveiðistjórnunarkerfi, mati innlendra sérfræðinga og erlendra álitsgjafa. Við mat á breytingum á núverandi kerfi ætti því að liggja í forgrunni sú grundvallarkrafa að þær leiði til sambærilegrar eða aukinnar verðmætasköpunar fyrir íslenska hagkerfið í heild. Breytingar sem uppfylla ekki þessa kröfu munu leiða til þess að almenn lífskjör héraðs rýrna og eru því óásættanlegar.

Þessi skilaboð voru ítrekuð á Viðskiptaþingi þann 13. febrúar þar sem formaður Viðskiptaráðs minnti á hagkvæmni íslensks sjávarútvegs og hvatti til að fleiri greinar kæmst á þann stall. Í Hugmyndahandbók Viðskiptaráðs, sem kynnt var á þinginu, eru jafnframt reifaðir ákveðnir þættir fiskveiðistjórnarkerfisins. Er þar m.a. lagt til að nýtingarleyfi verði til langs tíma og að þau verði endurnýjuð sjálfkrafa (að teknu tillit til ákveðins svigrúms hins opinbera). Þar er einnig lagt til að pottar í flokki 2 verði lagðir niður og strandveiðar, auk þess sem svigrúm til framsals aflahlutdeilda verði aukið. Á Viðskiptaþinginu kom jafnframt fram að 71% aðspurðra í nýlegri viðhorfskönnun ráðsins töldu að lagabreytingartillögur síðasta árs á sviði fiskveiðistjórnunar myndu leiða til minni arðsemi í greininni. Við lestur á þeim umsögnum sem þegar er búið að skila um það frumvarp sem hér er til umfjöllunar má ljóst vera að fleiri taka þar undir.

Þrátt fyrir einstaka breytingar til batnaðar frá fyrra frumvarpi eru enn þættir í þessu frumvarpi sem hafa verið harðlega gagnrýndir síðustu misseri. Má þar nefna áframhaldandi strandveiðar, viðamikla úthlutun aflamarks í flokk 2, takmarkanir á framsali aflamarks og óskýrt efni nýtingarleyfa. Þá er uppi óvissa um hvað tekur við að loknu 20 ára nýtingarleyfum og hefur Deloitte m.a. bent á að vegna þess þurfi að beita 20 ára línulegri afskrift til viðbótar við afskriftir á grundvelli virðisrýrnunarprófa. Þá eru þarna viðbætur sem byggja á takmörkuðum rökstuðningi s.s. hækkun á hlutfalli til vinnslu til mannelis og lækkun á eignarhaldsviðmiði til að aðilar teljist tengdir. Umsögn Íslandsbanka hefur að geyma ágæta greiningu á mögulegum áhrifum nokkurra þessara þátta. Auk þeirra er ekki að sjá í greinargerð frumvarpsins heildstætt hagrænt mat á væntum áhrifum breytinganna þar sem m.a. samspil þeirra og nýlegrar löggjafar um veiðigjöld er kortlagt.

Að því sögðu er rétt að taka undir mikilvægi þess að öll íslenska þjóðin njóti arðs af auðlindum landsins. Um þetta sjónarmið ríkir almenn sátt. Sá arður verður hins vegar aðeins hámarkaður með því að búa viðkomandi atvinnugreinum hagfelld rekstrarskilyrði til lengri tíma.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.**

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson  
Framkvæmdastjóri  
Viðskiptaráð Íslands